

**596. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 23. ágúst 2022  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Marinó Bjarnason (MB) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 596 lögmætan.

Jóhann Örn Hreiðarsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Marinó Bjarnason fundinn í hans stað.

Sveitarstjórn og íbúar Tálknafjarðarhrepps senda íbúum Húnabyggðar og þeim sem eiga um sárt að binda samúðarkveðjur vegna þeirra atburða sem urðu þar um síðustu helgi.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067**

Tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunarvinnu lögð fram til staðfestingar.

*Áætlunin er samþykkt samhljóða, með fyrirvara um að ný tímasetning verði sett fyrir íbúafund og síðari vinnufund sveitarstjórnar.*

**2. Strandsvæðisskipulag - 2103057**

Mál frá 33. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 10.08.2022, 2. fundi Skipulagsnefndar sem fór fram 16.08.2022 og 2. fundi Umhverfis- og byggingar nefndar sem fór fram 18.08.2022.

*Sveitarstjórn samþykkir með fjórum greiddum atkvæðum að fela sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að vinna tillögu að umsögn Tálknafjarðarhrepps vegna Tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða byggða á umfjöllun nefndanna þriggja og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar á fundi hennar sem fer fram 13.09.2022.  
Marinó Bjarnason situr hjá við afgreiðslu málsins.*

**3. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041**

Mál frá 2. fundi Skipulagsnefndar sem fór fram 16.08.2022 þar sem nefndin beinir því til sveitarstjórnar að fyrirliggjandi tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi 2019-2031 verði send til atvinnu- og hafnarnefndar, umhverfis- og byggingarnefndar, íþróttar, menningar- og æskulýðsnefndar og fræðslunefndar sem muni fjalla um þau málaflokka sem heyrir undir hverja nefnd fyrir sig.

Jafnframt beinir Skipulagsnefnd því til sveitarstjórnar að umhverfisnefnd og íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefnd verði falið að gera drög að umhverfisstefnu og menningarstefnu fyrir sveitarfélagið.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu Skipulagsnefndar um að fyrirbyggjandi tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi 2019-2031 verði send til atvinnu- og hafnarnefndar, umhverfis- og byggingarnefndar, íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefndar og fræðslunefndar sem muni fjalla um þá málaflokka sem heyra undir hverja nefnd fyrir sig. Sveitarstjórn leggur áherslu á að skipulagsnefnd fái umfjöllun nefndanna á fund skipulagsnefndar sem fer fram í nóvember.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu Skipulagsnefndar um að umhverfis- og byggingarnefnd verði falið að gera drög að umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið og íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefnd verði falið að gera drög að menningarstefnu fyrir sveitarfélagið.*

#### **4. Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar - 2009255**

Mál frá 33. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 10.08.2022 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar verði auglýst í samræmi við 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Var einnig á dagskrá 1. fundar Skipulagsnefndar sem fór fram 07.07.2022 þar sem lagt var til við sveitarstjórn að heimila að skipulagstillagan verði auglýst skv. skipulagslögum nr. 123/2010 með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu frá Vegagerðinni varðandi vegtengingu að hafnarsvæðinu.

*Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu til næsta fundar með áherslu á að niðurstaða liggja fyrir frá Vegagerðinni á þeim fundi.*

#### **5. Ábending vegna aksturs á Strandgötu - 2208007**

Mál frá 2. fundi Umhverfis- og byggingarnefndar sem fór fram 18.08.2022.

*Sveitarstjórn tekur undir þær áhyggjur af hraðakstri á þjóðvegum á Tálknafirði sem koma fram í fundargerð Umhverfis- og byggingarnefndar og leggur áherslu á að nefndin hraði vinnu sinni í málinu og skili tillögum til sveitarstjórnar sem fyrst. Þá telur sveitarstjórn að auka þurfi umferðaröryggi við inn- og heimskeyrslur við þjóðvegi í sveitarfélaginu og leggur áherslu á að Vegagerðin taki það til skoðunar. Samþykkt samhljóða.*

#### **6. Stjórn Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. - 2208069**

Tilnefning í stjórn Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf.

*Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.*

#### **7. Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023 - 2203332**

Mál frá 595. fundi Sveitarstjórnar sem fór fram 11.08.2022.

*Samþykkt samhljóða að visa málinu aftur til fræðslunefndar til skoðunar samhliða reglum um lengda viðveru í Tálknafjarðarskóla.*

#### **8. Tunguvirkjun - 2208013**

Erindi frá Tunguvirkjun ehf. dags. 30.07.2022 með beiðni um að nýta kalt vatn úr Hólsdal.

Guðlaugur Jónsson og Marínó Bjarnason vöktu athygli á vanhæfi sínu í málinu og véku af fundi við afgreiðslu þess. Sæti þeirra við afgreiðslu málsins tóku varafulltrúarnir Magnús Óskar Hálfðásson og Fjöltnir Freysson.

*Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.*

**9. Samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa - 2208070**

Lögð fram tillaga að breyttri samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Tálknafjarðarhrepps.

*Fram kom tillaga um að kjörstjórn bætist við í upptalningu á föstum nefndum sveitarfélagisn í 10. grein. Samþykkt samhljóða.*

*Fram kom tillaga um að fella út orðalag um laun starfsmanna Tálknafjarðarhrepps í 12. grein. Samþykkt samhljóða.*

*Framlögð tillaga með áornum breytingum er samþykkt samhljóða.*

**10. Atvinnu- og hafnarnefnd - 33 - 2208002F**

Fundargerð 33. fundar Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 10.08.2022.

*Fundargerðin er staðfest.*

10.1 2009255 - Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar.

10.2 2206069 - Erindisbréf nefnda 2022-2026

10.3 2103057 - Strandsvæðisskipulag

10.4 2203335 - Umsókn í fiskeldissjóð

10.5 2208003 - Fundadagatal 2022-2023

10.6 2208004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2022

**11. Skipulagsnefnd - 2 - 2208004F**

Fundargerð 2. fundar Skipulagsnefndar sem fór fram 16.08.2022.

*Fundargerðin er staðfest með fjórum atkvæðum.*

*Marínó Bjarnason situr hjá.*

11.1 2206069 - Erindisbréf nefnda 2022-2026

11.2 2103057 - Strandsvæðisskipulag

11.3 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

11.4 2207061 - Sent fyrir hönd Skipulagsdeildar Vegagerðarinnar

**12. Umhverfis- og byggingarnefnd - 2 - 2208005F**

Fundargerð 2. fundar Umhverfis- og byggingarnefndar sem fór fram 18.08.2022.

*Fundargerðin er staðfest.*

12.1 2208007 - Ábending vegna aksturs á Strandgötu

12.2 2206069 - Erindisbréf nefnda 2022-2026

12.3 2208006 - Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun

12.4 2208003 - Fundadagatal 2022-2023

- 12.5 2103057 - Strandsvæðisskipulag  
12.6 2208043 - Sorpmál í Tálknafjarðarhreppi

**13. Rekstraryfirlit 2022 - 2208068**

Rekstraryfirlit vegna 6 fyrstu mánaða ársins 2022.

*Lagt fram.*

**14. Starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Patreks- og Tálknafirði. - 2206054**

Erindi frá Umhverfisstofnun skráð 09.08.2022 þar sem tilkynnt er um ákvörðun stofnunarinnar um breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Patreks- og Tálknafirði.

*Lagt fram.*

**15. Samgönguáætlun 2023-2027 - 2205177**

Framkvæmdir við Tálknafjarðarhöfn á Samgönguáætlun.

*Málið var rætt.*

**16. Rammasamningur um aukið íbúðaframboð 2023-2032 - 2208016**

Erindi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 12.07.2022 varðandi Rammasamning um aukið íbúðaframboð 2023-2032.

*Lagt fram.*

**17. Vegagerðarsaga - 2208053**

Erindi frá Bókstaf forlagi dags. 13.11.2021 vegna Vegagerðarsögu.

*Samþykkt samhljóð að fresta afgreiðslu málsins og er sveitarstjóra falið að leggja fram frekari upplýsingar vegna málsins á næsta fundi.*

**18. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021**

Sveitarstjóri fór yfir stöðu nokkura verkefna.

*Rætt.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:55.**

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Marínó Bjarnason (MB)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)